



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 16.1.2025

Málsnúmer: 202412-0026

IAS

Efni: Aðkomuvegur að mastri í Þrengslunum. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 11. desember 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um aðkomuveg að mastri í Þrengslum. Tilkynning til ákvörðunar matskyldu.

„Orkuveitan hyggst reisa vindmælingamastur á landareign sinni norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi til að rannsaka vindaðstæður vegna athugunar á mögulegri vindorkuframleiðslu á svæðinu. Vindmælingamastur fellur ekki undir lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en aðkomuvegurinn að mastrinu gerir það hins vegar. Því er nauðsynlegt að senda inn til Skipulagsstofnunar matskyldufyrirspurn um hvort að vegslóðanum fylgi það umtalsverð umhverfisáhrif að hann þurfi að gangast undir fullt mat á umhverfisáhrifum.

Orkuveitan kynnti hugmyndir um vindorkugarð á svæðinu í júní 2023, en þær hugmyndir eru ekki til umfjöllunar hér, eingöngu einn vegslóði sem er hluti af undirbúningsrannsóknum.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhuguð vegagerð er öll á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013) og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Tilgangur mastursins er eingöngu að kanna aðstæður fyrir vindorkuframleiðslu og því telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt að umhverfisáhrif þessara framkvæmda verði metin saman. Ef ekki fæst leyfi til vindorkuframleiðslu þá er vegurinn óþarfur. Ekki er því hægt að sjá að brýn nauðsyn kalli á þetta rask.

Fram kemur að fyrsta val fyrir staðsetningu mastursins hafi verið við núverandi vegslóða vestan við Litla-Sandfell en þá væri ekki þörf á nýjum vegi, aðeins endurbætur á núverandi vegslóða. Sá vegslóði er utan landareignar Orkuveitunnar og þar sem ekki náðist að ljúka samningaviðræðum við landeigendur þurfti að skoða aðra valkosti. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að reyna til þrautar að ná samningum um notkun vegslóðans áður en farið er í óþarfa rask á nútímahrauni.

Framkvæmdasvæðið er innan grunnvatnshlotsins Selvogsstraumur 3 (Vatnshlotanúmer: 104-290-G). Vatnsverksmiðja við Hlíðarenda, byggðin í Þorlákshöfn og nokkur fiskeldisfyrirtæki vestan við Þorlákshöfn nýta, eða hyggjast nýta, grunnvatn úr þessum grunnvatnsstraumi og því eru gríðarleg verðmæti fólgin í því að vatnið mengist ekki. Veglagning og notkun vinnuvéla á svæðinu, auk fyrirhugaðrar vindorkuframleiðslu hefur mengunarhættu í för með sér og er áriðandi að allt sé gert til að koma í veg fyrir að mengun berist í grunnvatn.

Að lokum bendir Náttúrufræðistofnun á að stefnumótun íslenskra stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera er ekki lokið en frumvarp og þingsályktunartillaga þess efnis var til umfjöllunar á Alþingi



vorið 2024 en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Fyrirkomulag málsmeðferðar á vettvangi orku- og nýtingaráætlunar (rammaáætlunar) og svæðisbundið mat á landsvísu um hvar vindorka eigi erindi og hvar ekki, er meðal þess sem stefnumótunin fjallar um. Á meðan málið er enn óafgreitt ríkir óvissa um hvaða forsendur skal horfa til við ákvarðanatöku um vindorkuver og útfærslu þeirra hverju sinni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að veglagningin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrif fyrirhugaðs vindorkuvers eigi að meta samhliða.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur